

Sveitarstjórn Dalabyggðar
Stjórnsýsluhús
Miðbraut 11
370 Dalabyggð

Reykjavík, 18. maí 2022

Efni: Beiðni um landskipti

Ágæta sveitarstjórn,

Eigendur bújarðarinnar Hróðnýjarstaða í Dalabyggð, landnúmer 137568, áforma að reisa vindorkuver á hluta landsins. Eftir því sem verkinu vindur fram þykir sýnt að ákjósanlegt væri að aðskilja þennan hluta jarðarinnar frá bújörðinni og skipta þannig landinu í tvennt.

Búið er að skilgreina hvernig best er að skipta landinu þannig að stunda megi landbúnað áfram að Hróðnýjarstöðum á meðan efri hluti landsins nýtist til orkuframleiðslu. Landbúnaðarhlutinn mun hljóta nýtt landnúmer en halda fasteignanúmeri (F2116960), nafni og fasteignum Hróðnýjarstaða (utan hluta lax- og silungsveiði sem á við vötn heiðlandsins).

Heiðlandið mun halda landnúmerinu en hljóta nýtt fasteignanúmer og nafn. Nafnið sem valið hefur verið er Botnalækjahæðir en samkvæmt rannsóknum eigenda er hér um að ræða rétt nafn á hæðunum upp af Klifinu sem í ýmsum opinberum gögnum eru kallaðar (ranglega að við teljum) Botnalaxahæðir.

Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur ásamt lýsingu á fyrirhuguðum landskiptum.

Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir landskiptunum.

Með kveðju,

Sigurður Eyberg Jóhannesson
1105715779
Ásgarði 113
108 Reykjavík

Magnús Björgvin Jóhannesson
1908674719
Jóruseli 18
109 Reykjavík

Jóhannes Sigurðsson
2708442949
Hafnargötu 29
230 Reykjanesbæ